

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 1991

30. júlí 1991

689

Nr. 368

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 300/1991, um greiðslu
almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar liður a) og e) orðist svo:

a) Sykursýki

e) Krabbamein

ATC - flokkur

A 10,
H 04 A
L,
G 03 H A 01

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar liður b) og e) orðist svo:

b) Hjartasjúkdómar
(hjartabilun, hjartaöng
hjartsláttartruflanir)

e) Alvarlegir systemiskir
bólusjúkdómar
(Systemic lupus erythe-
matosus, Reumatoid art-
hritis, Colitis ulcerosa)

C 01
C 07,
C 02 D E,
C 02 E
A 07 E
H 02 A
M 01 C
P 01 B A

3. gr.

Við 3. gr. bætist nýr liður (g), sem orðist svo:

g) Alvarleg nýrnabilun

A 11 C C

4. gr.

4. gr. reglugerðarinnar, síðasta setning orðist svo:

Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini sbr. 3. gr., en í þeim tilfellum gildir þó ekki að sjúklingur þurfi að hafa notað lyfið í 6 mánuði eða lengur.

5. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við eftirtalin lyf og skulu þau aukennd með „O“ í lyfjaskrár:

a. Lyf, sem fáanleg eru í lausasölu (merkt „L“ eða „U“ í lyfjaskrár), ef undan eru skilin lyf í flokkum A 12 B A (Kalíum), C 01 D A 02 (Glýcerýlnítrat) D 07 A A 02 (Hýdrókortisón), P 01 B C 01 (kínín) og P 01 B A (kínólín-afbrigði).

B 49

b. Lyf í þeim ATC-flokkum, er hér eru taldir:

A 06 A	Hægðalyf
A 11	Vítamín nema lyf í flokki A 11 C C, sbr. 3. gr. staflað g.
D 11 A X	Ýmis önnur húðlyf
J 06	Önæmissermi (sera) og immúnóglóbúlín
J 07	Bóluefni (vaccina)
G 03 A	Hormónar notaðir til getnaðarvarna
R 01 A A	Viss neflyf
R 02	Hálslyf
R 05	Hósta- og kveflyf

c. Lyf í þeim ATC-flokkum, er hér eru taldir þó ekki stungulyf, en þau skal greiða skv. 6. gr.:

J 01 A	Tetracyklínsambönd
J 01 C	Breiðvirk penicillín
J 01 D	Cefalósporínsambönd
J 01 E	Trímetóprím, þó ekki í blöndum með súlfónamíðum
J 01 F	Makrólíðar
J 01 H	Penicillín
J 03 A	Súlfónamíðar
J 03 B	Súlfónamíðar í blöndum með öðrum sýkingalyfjum
J 03 C	Önnur sýklalyf (chemotherapeutika)
N 05 B	Róandi lyf.
N 05 C	Svefnlyf (nema lyf í flokki N 05 C B 02)
P	Sníklalyf (nema lyf í flokki P 01 B C 01 og P 01 B A)

6. gr.

6. gr. 4. málsgrein orðist svo:

Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf), G 03 H (androgenar og blöndur) og V 06 D (önnur næringarlyf) skulu merkt „E.O“ í lyfjaskrá og greiðast skv. ákvæðum þessarar greinar, enda framvísi sjúklingur lyfjaskírteini útgefnu af Tryggingastofnun. Ef skírteini er ekki fyrir hendi tekur Tryggingastofnunin ekki þátt í greiðslu lyfsins. Undanskilið frá þessari reglu er lyf í flokki G 03 H B (Diane mite), sem skal aukennt með „E“ og greiðast skv. áðurnefndri tilhögun.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 6. ágúst 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júlí 1991.

Sighvatur Björgvinsson

Einar Magnússon